

Sorpstöð Rangárvallasýslu
Suðurlandsvegur 1 - 3
850 Hella

Reykjavík, 21. ágúst 2019

UST201901-211/S.M.

08.14.02

Reglubundið fyrra eftirlit, 11. júlí 2019, á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

Þann 11. júlí sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi tvö eldri frávik er varða magn timburkurla og ástand girðinga og verður því lokið þann 15. október 2019. Úrbætur verða teknar út í seinna reglubundna eftirliti ársins.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar fyrir tl. 1-5 og 7-11 eru ekki fullnægjandi eða hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 11. september, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



Dags eftirlits	11.7.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6008932469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Sigurðsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurðsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirliti er varðar skil á skráningum, ein ábending var gerð er varðar viðbrögð við mengunaróhöppum. Tvö eldri frávik er varða timburkurl og girðingar eru opin og verða úrbætur teknar út í næsta eftirliti, fjórum eldri frávikum er varða geymslu á ökutækjum, búfjáraburð, staðsetningu og árekstrarvörn fyrir olíugeymi hefur verið lokað.

UMFANG EFTIRLITS

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2)
2. Skráningar (gr. 1.5)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.5)
4. Síðasta eftirlitsskýrsla
5. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Skoðunarferð um svæðið

Farið var í eftirlitsferð á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd þann 11. júlí 2019. Eftirlitið hófst á fundi á skrifstofu Rangárþings ytra á Hellu og lauk með skoðunarferð um urðunarstaðinn að Strönd.

1. Umfang starfseminnar

Á Strönd er heimilt að urða allt að 2500 tonn á ári af óvirkum úrgangi, árið 2018 var tekið á mót 2048 tonnum, þar af fóru 1788 tonn í urðun og 260 tonn í endurnýtingu. Fram kom á fundinum að verið sé að skoða að hefja jarðgerð á urðunarstaðnum, í starfsleyfi er heimild til að jarðgera 2200 tonn á ári. Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að taka á mót allt að 100 tonnum af hjólbörðum, 1000 tonnum af málmum og 50 tonnum af spilliefnum á ári sem send eru til meðhöndlunar annarsstaðar. Ekki hafa fundist upplýsingar um magntölur þessa úrgangs í skýrsluskilum rekstraraðila.

2. Skráningar

Samkvæmt gr. 5.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert. Fullnægjandi skráningar hafa borist á niðurstöðum eftirlitsmælinga, sbr. tl. 6 í gr. 5.1. Skráningar vegna tl. 1.-5. og 7. - 11. eru ekki fullnægjandi eða hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Eftirlitsaðili lagði fram nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar rekstraraðilum að hafa til hliðsjónar við uppfærslu viðbragðsáætlana vegna mögulegrara bráðamengunar hafs og stranda. Ekki eru gerðar kröfur um slíka viðbragðsáætlun hjá rekstraraðila vegna mikillar fjarlægðar frá sjó og öðrum viðkvæmum viðtökum. Rekstraraðila var engu að síður bent á að skoða hvernig haga skuli viðbrögðum við mengunaróhöppum á urðunarstaðnum, upplýsa starfsmenn um rétt viðbrögð, viðeigandi tengiliði o.þ.h. Rekstraraðili tók vel í það og ætlar að skoða þessi mál hjá sér.

4. Síðasta eftirlitsskýrsla og opin frávik

Farið var yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu og útistandandi frávik, en við síðasta eftirlit voru sex opin frávik frá kröfum í starfsleyfi.

a. Bætt hefur verið úr vegna fráviks er varðar langtímageymslu á bílum og tækjum í einkaeigu og hafa flestir bílar og tæki nú verið fjarlægð. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila á eftir að sækja eitthvað af tækjum en bíll sem notaður er til flutninga er bilaður og því náðist ekki að ljúka þessu á tilætluðum tíma. Það sem ekki hefur verið sótt eða stendur ekki til að sækja verður ekið í brotajárn. Fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar og telst frávikinu því lokið.

b. Frávik vegna lélegs viðhalds girðinga kom fram í eftirliti 2017. Í úrbótaáætlun frá 4. apríl 2018 var gert ráð fyrir að úrbótum yrði lokið 1. júní 2018. Rekstraraðili hefur óskað eftir fresti til úrbóta fram til 15. október 2019, fresturinn var veittur og verða úrbætur teknar út í seinna eftirliti 2019.

c. Frávik vegna mikils magns timburkurls kom fram við síðasta eftirlit, en ekki er heimilt að geyma á staðnum meira en 500 tonn í einu af brennanlegum úrgangi. Í eftirliti nú kom fram að mikið hefði unnist í þessu sambandi, timburhaugurinn hefði verið a.m.k. helmingast og heilmikið notað í manir. Verið er að vinna í jarðvegsmönnum og er ætlunin að nota hluta þess haugs sem eftir er í þær manir, eitthvað verður eftir fyrir einstaklinga að sækja í og sá hluti sem er jarðvegsblandaður verður sléttað úr og notað í undirlag. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 15. október 2019 til að ljúka við frágang og var sá frestur veittur, frávikíð er enn opið og verða úrbætur teknar út í seinna eftirliti 2019.

d. Fráviki vegna búfjáraburðar er lokað.

e. Frávik vegna mengunarvarna við olúgeymi er lokið, en í skoðunarferð kom fram að árekstravarnir hefðu verið settar við geyminn,

f. Fráviki vegna staðsetningar olúgeymis á malarplani er lokið, en geymirinn stendur nú á steypu plani tengdu olfúskilju.

5. Áhættumat

Eftirlitsaðili lagði fram og kynnti áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða, en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 ber stofnuninni nú að byggja tíðni eftirlitsheimsóknna á kerfisbundnu áhættumati á umhverfshættu viðkomandi starfsemi. Áhættumatið verður notaður sem grunnur að eftirlitsáætlun stofnunarinnar 2020.

6. Skoðunarferð um svæðið

Farið var í skoðunarferð um svæðið, gengið um gámasvæðinu, skemma fyrir umhleðslu skoðuð og ekið að urðunarsvæðinu. Gámasvæðið er allt snyrtilegt og vel skipulagt, rétt sunnan þess er haugur af timburkurli sem verið er að nota í manir eða nota á í undirlag. Skemman er snyrtileg og skipulag gott, rekstraraðili hefur nýverið fengið til umráða böggunarvél sem mun nýtast til að bagga endurnýjanlegan úrgang eins og t.d. pappa, sem og til að bagga heimilísúrgang sem til stendur að flytja úr landi.

Ekið var að urðunarsvæðinu. Á leiðinni bar fyrir augu gámasvæðu sem myndar skjól fyrir gám fyrir lífrænan úrgang, en lífrænn úrgangur og sláturúrgangur er nú fluttur á urðunarstaði Sorpurðunar Vesturlands eða Norðurár. Nokkrir gámar af brotamálmi biðu flutnings og einnig var talsvert af brotamálmi og ökutækjum sem eftir var að setja í gám. Úrgangur sem urðaður er er settur í gryfjur og skv. upplýsingum frá rekstraraðila er alltaf ein gryfja í notkun og önnur tilbúin til notkunar. Verið er að vinna við jarðvegsmanir og var efni til þess, s.s. timburúrgangur og jarðvegur á nokkrum stöðum. Svæðið er almennt snyrtilegt og skipulagt og mikið hefur verið bætt úr frá því sem áður var.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 5.1

Skráningar fyrir tl. 1.-5. og 7.-11. eru ekki fullnægjandi eða hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að fara yfir verkferla er varða viðbrögð við mengunaróhöppum á urðunarstaðnum og hafa til hliðsjónar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp.


ANNÆÐ

Einnig var viðstödd eftirlitið fyrir hönd rekstraraðila Hulda Karlsdóttir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.08.2019



Sigríður Magnúsdóttir